


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ

Taktu þátt í Airwaves leik Símans
og þú gætir unnið miða á
Airwaves '13 eða iPhone 5



ICELAND
AIRWAVES
'12
FORREKNI SPONSOR: NOKKUR 31 oct - 04 nov

Stofnaðu þitt eigið bingóspjald og taktu þátt

Hafðu símann á lofti, gríptu stemninguna og sendu inn á Instagram og þú getur unnið miða á **Iceland Airwaves 2013** eða glænýjan **iPhone 5!** Farðu á **bingo.siminn.is** til að taka þátt eða finndu Símann á Facebook.

Hvernig spilarðu myndabingó?

- 1) Skráir þig til leiks
- 2) Tekur mynd með símanum þínum
- 3) Sendir hana á Instagram og merkir með viðeigandi merki (t.d. #rokk)
- 4) Myndin birtist sjálfkrafa á spjaldinu

#airwaves12

Síminn

Gamli var í honkara hér áður fyrr, í **old days** eftir að hafa lent í alveg sjúku gargi.



ÞESSI MYND NÁÐIST AF SÁLVERJUM Í GÆR ÞEGAR ÞEIR VORU AÐ HVÍLA SIG

Mesta „off-venue“ giggið

Hljómsveitin **Beaten Bishops**, sem fleiri þekkja sem **Sálina** hans **Jóns míns**, ætlar að troða upp á **Spot** í Kópavogium núna um **Airwaves-helgina** og vonast **Stefán Hilmarsson** til þess að það hjálpi þeim að ná loksins að meikaða

„Okkur Biskupum er mikið í mun að sýna okkar bestu hliðar, því aldrei er að vita nema blaða- og meikmenn frá útlöndum villist í miðbænum og rati óvart inn á Blettinn,“ segir Stefán Hilmarsson, frontmaður Salarinnar hans Jóns míns, á léttu nótnum aðspurður fréttu af tónleikum sveitarinnar á Spot næsta laugardagskvöld. Í tilefni Airwaves-hátíðarinnar ætla Sálverjar að koma fram undir nafninu Beaten Bishops en það kölluðu þeir sig í upphafi tíunda áratugarins þegar þeir reyndu fyrir sér erlendis. „Við héldum í víking og lékum á nokkrum kynningargiggum í Skandinavíu og einnig í Þýskalandi,“ rifjar Stefán upp. „En það var svo mikið að gera hjá okkur hér heima á þessum tíma, að við vorum alveg með hugann hér og máttum ekki vera að því að sinna meikinu af neinum krafti,“ bætir hann við.

Öllu til tjaldað

„Í árdaga Airwaves vorum við beðnir að koma fram eitthvert kvöldið en höfðum ekki tök á því þá. Við erum svolítið hissa að hafa ekki fengið

boð um það aftur, erum jafnvel þínu skúffaðir,“ segir Stefán kíminn og bætir við að nú séu þeir klárir í meik og ætli sér að nýta meðbyrinn sem fylgir Airwaves-hátíðinni og slá því upp gígginn á laugardaginn. „Það má reyndar segja að Spot sé ansi vel fyrir utan aðalsvæði hátíðarinnar og meira „off-venue“ en nokkurt annað gígg.“

Á laugardagskvöld verður öllu til tjaldað og mikið í lagt. „Þetta er í fyrsta skipti um árabíl sem Beaten Bishops koma fram og ætlum við meðal annars að flytja verk af hljómplötunni „Where's My Destiny?“ og auðvitað fleiri skífum og kassetum sem Biskupar og Sálverjar hafa komið að í gegnum tíðina,“ segir Stefán. Hann segir jafnframt að Biskupum sé í mun að sýna sínar bestu hliðar fari svo að meikmenn flækist inn á gígg. „Það er aldrei að vita og þá fá Biskuparnir þá athygli ytra sem þeir verðskulda að margra mati, að minnsta kosti mæðra okkar flestra,“ segir Stefán og glottir.

Sala miða hefst á Spot uppúr klukkan 21.00 á laugardagskvöldið og er áætlað að Stefán og félagar stígi á svið í kringum miðnættið.

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

UM HELGINA

Listahátíðin Unglist, sem haldin er á vegum Hins hússins, hefst á morgun. Á laugardagskvöldið fer fram **tískusýning** hátíðarinnar sem klæðskera- og kjólasaumanema Handverks- og hönnunarskólans (innan Tækniskólans) standa fyrir. Tískusýningin fer fram kl. 20 í Víkinni, Sjóminjasafni Reykjavíkur, og ætti engin sönn tiskulögga að láta hana framhjá sér fara.



Á AIRWAVES

Helsti hausverkur Airwaves-farans á hverju ári er líklega eitthvað á þessa leið: „Hvernig á ég að ná að sjá allt sem mig langar að sjá? Það er of mikið fjör í gangi!“ Til þess að geta skipulagt sína Airwaves-helgi í þaula mælir Monitor því með því þjóðráði að sækja sér **Airwaves-app** Símans sem fánlegt er fyrir iPhone og Android-síma.

FYRIR ÍÞRÓTTAFRÍKIÐ

Deild hinna bestu í körfuboltanum, **NBA**, fór af stað í vikunni. Líkt og alltaf ríkir mikil spennan fyrir tímabilinu á meðal körfuboltaá-hugamanna enda var þó nokkuð um áhugaverð félagsskipti í sumar auk þess sem spennandi verður að sjá hvort **Lebron James** og félagum takist að verja titilinn frá því í fyrra. Monitor mælir með að lesendur fylgist með deildinni frá upphafi.



Vikan á facebook

Bubbi Morthens
Bros þitt gerir líf þitt ríkar, fallelgra, og lísir fólkinu þínu leiðina til hjarta þíns
29. október kl. 16:54

Gauti Þeyr
Þælið í öllum hræðilegu walks of shame sem eiga sér stað daginn eftir halloween!
28. október kl. 14:46

Helgi Seljan
Herrar mínir og frúr. Má ég kynna: Prófkjörstatusar! Fólk sem vill komast á þing að snobba upp eða niður fyrir sig.
27. október kl. 20:16

Selma Björns
5 ára dóttir mín: „Mamma! Geturðu ýtt á play í sturtunni?“..... where did I go wrong?
27. október kl. 11:46

Guðrún Dís Emilsdóttir
Ég elska föstudaga því þá böfum við pizzu :)
26. október kl. 16:05

FEITAST I BLAÐINU

4 Dirty Projectors spilla í Listasafninu á miðnætti á laugardagskvöldið á Airwaves.



6 Airwaves-farar eru með allt á hreinu og ætla að sjá ansi margt á stuttum tíma um helgina



11 Sóley Stefáns á örugglega Íslands-metið í áhorfi á stakt YouTube-myndband.



15 Ragnheiður Theodórsdóttir var svo væn að sýna Stílum sína uppáhaldshluti.



Efst í huga Monitor Er Waves?

Já, það var svo sannarlega öldugangur á austurströnd Bandaríkjanna í vikunni. Manhattan-eyja í New York-borg er á floti og náði ölduhæðin sögulegu hámarki þar. Bætingin var líka ekki lítil því öldurnar náðu tæpum metra hærra en á sjötta áratugnum þegar Donna gekk þar yfir.

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að milljónir manna hafi þurft að yfirgefa heimili sín og í raun áttar maður sig ekki á þessum tölum þegar talað er um að stormurinn geti haft áhrif á líf um 50 milljóna manna sökum flóða, rafmagnsleysis eða skemmda. Í raun þyrfti meira en 156 íslenskar þjóðir til að ná upp í þann fjölda.

Satt best að segja er fáránlegt til þess að hugsa hvað það búa margir í Bandaríkjunum. Þar búa meira en 314 milljónir manna en það gerir þjóðina þá þriðju fjölmennustu í heiminum á eftir Kína og Indlandi. Það er því ljóst að óvinkona austurstrandarinnar, hún Sandy, gæti haft áhrif á um 16% bandarísku þjóðarinnar. Ef

16% íslensku þjóðarinnar yrðu einhvern tímann fyrir barðinu á slíkum náttúruhamförum myndi það þýða að þær gætu haft áhrif á um 51.200 Íslendinga. Í Kópavogi og Hafnarfirði búa um 56.800 manns svo Sandy myndi stríða nánast öllum í þeim bæjarfélögum hefði hún áhrif á þau eingöngu.



Því miður kostaði Sandy marga Bandaríkjamenn lífið en sem betur fer eru þær tölur ekki í líkingu við þær sem áður hafa verið ræddar í þessum pistli. Talið er að um 55 hafi látið lífið í Bandaríkjunum af völdum fellibylsins en það eru um 0,000000175% þjóðarinnar og jafngildir því að um það bil 0,05% hluti af einum Íslendingi myndi deyja, hvernig svo sem það færi fram.

Hugur Monitor er hjá fólkinu á austurströndinni. Það er óhugnanlegt oft og tíðum að hugsa til þess hvað við erum bjargarlaus gagnvart náttúruöflunum.

Lífið heil og njótið hvers augnabliks. Það er svo Lúdmætt.

DIRTY PROJECTORS


David Longstreth: söngur, gítar, tónlistarstjórn.
Amber Coffman: söngur, gítar.
Haley Dekle: söngur.
Nat Baldwin: bassi.
Olga Bell: söngur, hljómborð.
Michael Johnson: trommur.



Skítugu sýningarvélarnar

Forsíðustúlka Monitor og tónlistarfólk sem **Monitor** hefur spjallað við að undanförmu virðast flest spennt fyrir því að sjá **Dirty Projectors** spila á **Airwaves-hátíðinni**. Það er því upplagt að kynna sér sveitina eilítið betur.

Dirty Projectors var upphaflega listamannsnafn frontmannsins Davids Longstreth sem gaf út efni á námsárum sínum í Yaleháskóla í Bandaríkjunum. Árið 2003 kom svo mynd á hljómsveitina sjálfa og sendi hljómsveitin þá frá sér plötuna *The Glad Fact*. Liðsskipan sveitarinnar var ansi breytileg en alls hafa 23 einstaklingar verið viðriðnir hljómsveitina frá upphafi en í dag eru meðlimirnir sex talsins. David er þekktur fyrir allt annað en að feta sama veginn tvisvar og hefur sveitin prófað ýmsar tónlistarstefnur í gegnum tíðina. Þau troða upp í Listasafninu á miðnætti á laugardag.



DAVID LONGSTRETH
ER ADALMAÐURINN

PLÖTUR

The Glad Fact (2003)
Morning Better Last (2003)
Slaves' Graves and Ballads (2004)
The Getty Address (2005)
Highlights from the Getty Address (2006)
New Attitude, stuttskífa (2006)
Rise Above (2007)
Bitte Orca (2009)
Ascending Melody (2010)
Mount Wittenberg Orca (ásamt Björk, 2010)
Swing Lo Magellan (10. júlí 2012)
About to Die, stuttskífa (áætluð 6. nóvember 2012)



AMBER COFFMAN HITTI
DAVID ÁRIÐ 2006 OG
GEKK TIL LIÐS VIÐ DIRTY
PROJECTORS

Stefnur

Krakkarnir í Dirty Projectors eru ekki hræddir við tilraunastarfsemi og hafa meðal annars reynt við harðkjarnarokk níunda áratugarins og vesturafríska gítartónlist. Kontrapunktur var þeim hugleikinn á plötunum *Bitte Orca* og *Mount Wittenberg Orca* en kontrapunktur er aðferð við að tvíanna saman tvær eða fleiri laglínur svo þær hljómi vel saman. Það er því ekki nema von að erfitt sé að niðurnjörva áhrifavalda en í gegnum tíðina hefur hljómsveitinni verið líkt við tónlistarfólk á borð við David Byrne, Beyoncé, Frank Zappa og Yes.



ALLTAF ERUM VIÐ STOLT
AF HENNI BJÖRK

Björk, Dirty Projectors og hvalirnir

Árið 2010 gáfu Dirty Projectors út stuttskífuna *Mount Wittenberg Orca* ásamt Björk okkar Guðmundsdóttur. Platan kom einvörðungu út á netinu en allur ágóði sölunnar rann til the National Geographic Society sem vinnur að því að vernda ákveðin sjávarsvæði í heiminum. Lögin á plötunni urðu til fyrir tilstuðlan Brandon Stosuy hjá Stereogum.com en hann spurði Björk og David Longstreth í apríl 2009 hvort þau gætu komið fram saman á styrktartónleikum fyrir eyðnismitaða heimilisleysingja. Þau sögðu já og nokkrum dögum síðar komu þau þar fram og fluttu sjö frumsamin lög eftir David. Ári síðar tóku þau svo lögin upp og gáfu út en öll fjölluðu lögin um hvali og var það hlutverk Bjarkar að túlka mömmu-hvalinn.

HUGSAR
ÞINN SKÓLI
ÚT FYRIR

BOXIÐ?

FRAMKVÆMDAKEPPNI
FRAMHALDSSKÓLANNA
FER FRAM
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK
LAUGARDAGINN
3. NÓVEMBER

 /boxið

HVETJIÐ YKKAR LIÐ

Komið í Háskólann í Reykjavík og fylgist með liðunum leysa þrautirnar á lokasprettinum frá kl. 15:00–17:00.

Þátttökuliðum er ætlað að leysa fjölbreyttar þrautir sem eru útbúnar af fyrirtækjum innan SI í samvinnu við kennara í HR. Þrautirnar reyna á gott verklag, hugvit og að hugsu út fyrir boxið.



MARORKA



Samtök iðnaðarins og Epli.is veita vegleg verðlaun.



Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa að BOXINU.

Kíktu í boxið á
boxid.ru.is

Púslíð er lúxusvandamál

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves?

Fór fyrst 2008, svo þetta verður fimmta skiptið!

Hvað er eftirminnilegast?

Robyn í Listasafninu var sníll, SBTRKT á Nasa í fyrri, Beach House, Bombay Bicycle club og svo var UMTBS á Nasa 2008 líka mjög eftirminnilegt. Annars mjög erfitt að velja einn viðburð, allt svo gaman.

Hvað ætlar þú að sjá í ár?

Úff, allavega mikið, erfitt oft að pússla því saman en það er lúxusvandamál. Af erlendu böndunum er ég spennt að sjá systurnar í Haim, The Vaccines, BOY og Dirty Projectors. Af íslensku eru það Ásgeir Trausti, Valdimar, Retro Stefson, Of Monsters and Men, Úlfur Úlfur, Endless Dark og Tilbury, svo eitthvað sé nefnt.

Hverju ertu spenntust fyrir?

Sigur Rós á sunnudeginum klárlega, Ásgeir Trausta sem ég hef aldrei séð á tónleikum, frumflutning á nýju efni hjá Agent Fresco og svo erlendu böndin.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn?

Vera búin með allt í skólanum til að geta tekið mér góða 5 daga tónleikasníldarpásu. Skoða böndin vel, þá sérstaklega erlendu sem ég hef ekki heyrt efni frá áður og uppgötva nýjar gersemar. Bæjarrollt og kaffihús á miðvikudeginum finnast mér líka ómissandi!

Lumar þú á góðu Airwaves-heilræði?

Vera við öllu búin. Ekki málið að lenda í langri röð illa klæddur í rigningu. Svo bara ekki plana of mikið og njóta augnabliksins, gott að ná í Airwaves-appið sem er algjör sníll. Má ekki gleyma Off-venue, það er alveg jafn mikilvægur hluti af hátíðinni.



HARPA RUT SIGURJÓNSDÓTTIR



HJALTI SIGMUNDSSON

Var með í anda í fyrri

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves?

Ég hef aldrei farið í alvöru en ég vil meina að ég hafi verið með í anda í fyrri þegar ég var að læra fyrir tölvunarfræðiþróf fram á nótt að hlusta á rjóna hátíðarinnar.

Hvað er eftirminnilegast?

Aðallega bara MATLAB, en það situr svosem ekkert mikið eftir.

Hvað ætlar þú að sjá í ár?

M-Band, RetRoBot, Prince Valium, DJ AnDre, Prins Póló, Árni Vector, Legend, Tonik, Ásgeir Trausti, FM Belfast, Retro Stefson, Samaris, Fu Kaisha, ThizOne, Bix, Sólstafr, Rangleklods, Oculus, Gísli Pálmi, Steve Sampling, Nuke Dukem, Captain Fufanu, Celestine, We Made God, Bypass, GusGus, Ultra Mega Technobandið Stefán, Hermigervill, Thor, Pedro Pilatus.

En ég fer sennilega aldrei að sjá þetta allt, þetta er nú meira svona óskalisti. Það fer svo kannski eftir því hvaða jólsveinum maður er með hvert ferðinni er heitið, svo er aldrei að vita nema einhverjir útlendingar dragi mann í einhver dimm skúmasket í glimmerglans-góða tónlist.

Hverju ertu spenntastur fyrir?

Ég get ekki beðið eftir að sjá Sólstafr live í fyrsta sinn, Gluteus Maximus verða líka grjótharðir, Purity Ring, Sisy Ey verður áhugavert að sjá og svo má auðvitað ekki gleyma guðunum í GusGus. Svo hlakka ég líka til að sjá Krumma úr Mínus í nýjum búningi með Legend. Annars er ég líka spenntur fyrir því að uppgötva eitthvað nýtt og láta koma mér á óvart.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn?

Ég er svo löngu kominn í Airwaves-gírinn að ég bara man það ekki, ætli það hafi ekki bara verið MATLAB, svei mér þá.

Allt klárt fyrir helgina

Verði **Airwaves-gestir** einhvern tímann fyrir vonbrigðum væri það einna helst vegna þess að þeir myndu ekki ná að sjá allt sem þá langar til. Það er því rosalega mikilvægt að skipuleggja sig vel.



RAKEL MATTHEA DOFRADÓTTIR

Ég er óþolinmóð kuldaskræfa

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves?

Er að fara núna í þriðja skipti.

Hvað er eftirminnilegast?

Robyn 2010 var sjúk.

Hvað ætlar þú að sjá í ár?

Ég er enginn svaka Airwaves-gúrú og finnst langskemmtilegast að fara og hlusta á eitthvað sem ég þekki. Svo ætli það verði bara þessar helstu íslensku ásamt öðrum vel völdum erlendum.

Hverju ertu spenntust fyrir?

Er mega spennt að sjá The Vaccines og ég byrjaði nýlega að hlusta á hljómsveitina Django Django sem er líka skemmtileg. Ætli það séu ekki aðallega þær tvær en svo er líka alltaf fáránlega gaman á tónleikum með Agent Fresco og GusGus.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn?

Að setja saman airwaves-outfitið með einhverjum skemmtilegum kemur manni í megastuð enda alltaf gaman að vera svolítið finn. Svo bætir og kætir að hafa tónlist komandi kvölds undir.

Lumar þú á góðu Airwaves-heilræði?

Auka-öl og hlý flík er nauðsyn þegar kemur að röðunum. Ég reyni þó að mæta frekar snemma enda óþolinmóð kuldaskræfa.

Þarf að velja og hafna

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves?

Í ár verður þriðja skiptið mitt á Airwaves.

Hvað er eftirminnilegast?

Fyrsta Airwaves-hátíðin mín er eftirminnilegust enda glæný upplifun fyrir mér þá. Maður alltaf að læra að meta hátíðina meira og meira með hverju ári en ef ég ætti að velja eina tónleika sem aldrei gleymast væri það klárlega Robyn.

Hvað ætlar þú að sjá í ár?

Langar að sjá Haim, Dirty Projectors, Django Django, Ghostpoet, Vacationer, Phantogram, Friends, BOY, Purity Ring, Rangleklods, Daughter, The Vaccines og svo auðvitað öll flottu íslensku böndin eins og Sykur, Agent Fresco, Ásgeir Trausta, Retro Stefson og Mammút. En ég þarf greinilega að velja og hafna þar sem margir tónleikar skarast á, það verður sérstaklega erfitt í ár.

Hverju ertu spenntust fyrir?

Ég keypti miðann minn seint en það sem sannfærði mig um að fara í ár var Haim. Ég var nýlega búin að uppgötva þessa stelpuhljómsveit og þegar ég sá að þær voru að spila varð ég að kaupa miða.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn?

Núna nýlega bjó ég til Airwaves-playlista með nokkrum af uppáhalds lögunum með þeim sem ég er spenntust fyrir í ár fyrir bloggmið mitt www.venividivisa.net og verð að segja að það gerði mig ekkert lítið spennta. Annars hef ég alltaf komið mér í gírinn með því að skoða line-uppið og reyna að uppgötva nýjar hljómsveitir. Mæli líka með því að hlusta á Airwaves-þáttinn á X-inu.

Lumar þú á góðu Airwaves-heilræði?

Númer 1, 2 og 3 að skanna line-uppið því það gætu leynst þar geðveikar hljómsveitir sem þú hefur aldrei heyrt um og klárlega að vera með Airwaves app-ið!



EDDA INGADÓTTIR

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND



FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG
SUNNUDAGA FRÁ KL. 19:00

KLUKKUTÍMA STANSLAUST STUÐ
FYRIR AÐEINS **1.990 KR**

ÞÚ SPILAR EINS OFT OG ÞÚ VILT Í **YFIR 100 LEIKTÆKJUM**

ERTU GEIM?

- YFIR 100 TÆKI OG LEIKIR -

GILDIR EKKI Í TÆKJUM SEM GEFA VINNINGA



Fyrir 18 ára og eldri



ÁSGEIR TRAUSTI

Hver er snilldin?
Ég hef aldrei spilað áður og hef heldur ekki farið á Airwaves svo þetta verður allt mjög nýtt fyrir mér.
Hvað á að sjá?
Ég hlakka til að sjá SiSý Ey og svo er hellingur af artistum sem væri gaman að sjá.



DAVÍÐ BERNDSEN

Hver er snilldin?
Skemmtilegast er að labba um bæinn og kíkja á tilviljana-kennda staði. Þá sér maður oft eitthvað óvænt.
Hvað á að sjá?
Jack Magnet og Skúla Sverrisson.



AGNES BJÖRT ANDRADÓTTIR, SYKUR

Hver er snilldin?
Snilldin við Airwaves er stemningin sem myndast við að fara saman, með fullt af skemmtilegu fólki, á 5 daga tónlistarhátíð. Mér finnst líka spenningurinn rosaalega skemmtilegur.
Hvað á að sjá?
Allt sem ég kemst yfir að sjá.

Árshátíð **AIRWAVES** tónlistarmanna

Tónlistarmenn sem komið hafa fram á **Airwaves**-hátíðinni eru flestir sammála um það að hún sé hrein og bein snilld. **Monitor** hefur á undanförmum vikum heyrt í nokkrum tónlistarmönnum sem sögðu okkur hver sé **snilldin** við Airwaves og hvað þau ætla að sjá.



HLYNUR JÚNÍ HALLGRÍMSSON, 1860

Hver er snilldin?
Gleðin. Andrúmsloftið er ótrúlega gott og stemningin er mikil. Það eru einhverjir töfrar í loftinu.
Hvað á að sjá?
Ef að ég verð ekki of bugaður af öllum Off-Venue-giggnum okkar þá var ég búinn að segja við mig að fyrr myndi ég skera af mér hendurnar en að missa af Shabazz Palaces.



MIKE LINDSAY, TUNNG OG CHEEK MOUNT-AIN THIEF

Hver er snilldin?
Ég spilaði með Tunng á Airwaves 2010 og það var frábær upplifun. Við spiluðum á Listasafninu og það var klikkað því það vissi enginn hverjir við vorum en samt vorum við að spila fyrir þrjú þúsund manns enda vildi enginn fara út því það var rigning. En þar hitti ég kærustuna mína, ég hafði reyndar hitt hana áður, en hitti hana aftur þarna og það var sannarlega töfrandi stund.
Hvað á að sjá?
Ég þarf að skoða betur hverjir eru að spila en mig langar rosaalega að sjá Dirty Projectors. Ég fíla nýju plötuna þeirra mjög vel. Svo er alltaf gaman að fara á off-venue tónleika, það er svo mikið af fersku íslensku stöffi í gangi.



SNORRI HELGASON

Hver er snilldin?
Þetta verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra. Snilldin er hvernig hátíðin er alltaf að vaxa og skipuleggjendur breyta smáatriðum hér og þar og því verður þetta alltaf betra og betra.
Hvað á að sjá?
Ég væri geðveikt til í að sjá Dirty Projectors ef ég næði því einhvern veginn en það verður bara að koma í ljós.



ÞORMÓÐUR DAGSSON, TILBURY

Hver er snilldin?
Þetta er einhvers konar árshátíð og einhver besta tónlistarveisla sem er í boði á Íslandi. Þarna eru allir búnir að pússa upp á tónleikana og tónlistina svo það mæta allir í sínu finasta pússi. Svo er þetta allt öðruvísi en venjulega því maður er að spila fyrir annan hóp að einhverju leyti. Svo allir vilja láta ljós sitt skína.
Hvað á að sjá?
Það er margt og mikið. Það er hljómsveit sem heitir Blouse sem er að spila á eftir okkur á föstudagskvöldið og það er sú erlenda hljómsveit sem ég er spenntastur fyrir. Svo er ég alltaf spenntur að sjá íslenska listamenn líka. Dream Central Station hef ég ekki ennþá séð svo ég ætla að tékka á því. Kiriya Family eru líka alltaf skemmtilegir.



Fyrirsæta: Elin Melta Jensen nemandi í MFR

TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



YFIR 3000 NÝIR ÁSKRIFENDUR

Á síðustu vikum hafa bæst við yfir 3000 nýir áskrifendur að Morgunblaðinu.
Við fögnum því og bjóðum þá velkomna í hóp kröfuharðra lesenda okkar.

Morgunblaðið

Hata þetta jafnmikið og ég græði á þessu

Tónlistarkonan **Sóley** auglýsir eftir heppilegri kerru fyrir **Airwaves** og er á leið til Bandaríkjanna með *Of Monsters and Men*. Hún ræddi við **Monitor** um YouTube-fárið, tónlistarflakkið um heim allan og mikilvægi þess að drullast nær hljóðnemanum.



Ég ætla sjá Dirty Projectors í Hafnarhúsinu. Það er það eina sem ég þori að bóka, það er eiginlega ómögulegt að sjá allt sem mann langar þegar maður er sjálfur að spila á hátíðinni,“ segir tónlistarkonan Sóley Stefánsdóttir, betur þekkt sem einfaldlega Sóley, um Iceland Airwaves sem fór formlega af stað í gær.

Sóley er líklega sá íslenski tónlistarmaður sem hefur náð mestu áhorfi á stakt lag á YouTube, að Björk undanskilinni, en lagið Pretty Face hefur verið spilað oftar en átta milljón sinnum á síðunni. Sjálf segist Sóley þó ekki hafa neina hugmynd um hvernig það atvikaðist. Það er ýmislegt um að vera hjá henni en í síðustu viku var hún útnefnd tónlistarmaður vikunnar á undirsíðu MTV, MTV Iggy, og skömmu eftir Airwaves heldur hún vestur yfir Atlantshaf til að hita upp fyrir Of Monsters and Men.

Blaðamaður settist niður með Sóleyju áður en Airwaves-stressið skall á hana og ræddi við hana um hvernig hún slysaðist út í sólóferil, flakkið um heiminn, YouTube-fárið og fleira.

Texti: Einar Lövdahl

Myndir: Styrmir Kári Erwinsson

einar@monitor.is

styrmirkari@mbl.is

Þú varst þriggja ára árið 1989 þegar Björgvin Halldórs og Katla María tóku þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins með laginu Sóley. Átt þú minningu um það? Er þekktur húmor hjá fólki í kringum þig að syngja þetta lag þegar þú mætir í partí eða eitthvað slíkt?

Ég á ekki beint minningu frá þessu árið 1989. Ég man aðallega að ég var alltaf að syngja Sókrates (úr Eurovision 1989), ég hugsa að það hafi verið fyrsta lag sem ég lærði. Það er til upptaka af mér á segulbandi að syngja það. Sóleyjarlagið fór að láta á sér kræla þegar jafnaldrar mínir fóru að geta talað, þá fór fólki að finnast fyndið að syngja þetta í kringum mig og það hefur fylgt mér síðan. Ég segi ekki að vinir mínir í dag syngi þetta alltaf þegar ég mæti í partí, en það er alveg hræðilega vandræðalegt hvað fólki finnst alltaf fyndið að syngja þetta lag í kringum mig (hlær).

Hefur þú þælt mikið í tónlist síðan þú manst eftir þér?

Ég byrjaði í einhverjum svona for-fortónlistarskóla þegar ég var fjögurra ára sem var einhvers konar tilraun í Hafnarfirði, yfirleitt byrjar maður sex ára. Ég var sem sagt í einhverju svona blokkflautudóti frá fjögurra til átta ára aldurs. Það hefur kannski spilað inn í að pabbi var og er tónlistarkennari í Hafnarfirðinum. Það er til eitthvert gamalt viðtal við mig úr Fjarðarpóstinum síðan ég var fjögurra ára og þá var ég alveg á því að ég ætlaði að fara í lúðrasveit af því að mér fannst búningarnir svo flottir. Mig langaði að komast í sveitina til að vera í svona búningi. Svo fór ég hins vegar bara að læra á píanó en fékk þó lúðrasveitardrauminn minn uppfylltan seinna.

Þú æfðir fótbolta og handbolta fram á unglingsár. Í síðustu viku tryggðu „Stelpumar okkar“ í fótboltalandsliðinu sér sæti á lokamót EM í annað sinn í röð. Hefðir þú orðið ein af Stelpunum okkar ef þú hefðir haldið áfram að æfa?

Nei, það getum við eiginlega alveg útilokað. Ég hef ekki vott af keppnisskapi í mér, það hentar mér ekki. Mér finnst hreyfing góð og allt það og mér finnst gott að eiga sér einhver persónuleg markmið. Slíkt „meikar meira sens“ fyrir mig, ég myndi hins vegar aldrei þora að keppa fyrir Íslands hönd í íþrótt. Ég myndi bara loka augunum ef ég stæði í marki. Ég loka allavega alltaf augunum þegar ég keyri í sveitinni og fugl flýgur framhjá bílnum. Það er kannski ástæðan fyrir því að ég á ekki bíl.

Þú ert Hafnfirðingur og gekkst í Flensborgarskólann. Hvernig týpa varst þú í menntaskóla?

Ég var þínu svona hippí, var alltaf í stuði í einhverjum hippaklæðnaði. Við vorum einhver nördatónlistarklíka þarna, nokkrir krakkar saman sem vorum öll í lúðrasveitinni. Ég var reyndar í MR fyrsta árið og svo bara af því að ég bjó við hliðina á Flensborg þá endaði ég á að skipta yfir. Þar gat ég fengið öll stigsprófin í tónlistinni metin og svona og fyrir vikið náði ég að klára á þremur og hálfu ári og fór þá til Gvatemala eftir útskrift.

Var það í Flensborg þar sem sem hljómsveitarstússið byrjaði?

Já, það má kannski segja það. Þessi tónlistarklíka fékk oft að vera undirleikshljómsveit í söngkeppnum og svona, það var mjög skemmtilegt. Þetta var kannski svona tíu manna hópur og við unnum til dæmis nokkur sumur saman í svona skapandi sumarstarfi. Upp frá því varð hljómsveitin Strakovsky Horo til, hún spilaði svona balkantónlist og kom oft fram á Hljómáland.

En aðkoma þín að hljómsveitinni Seabear?

Ég er aðeins yngri en þau öll í Seabear þannig að ég kom dálítið seinna inn í hljómsveitina heldur en hinir. Örn Ingi, rafmagnsgítarleikarinn í Seabear, er Hafnfirðingur eins og ég og einhvern tímann þegar Guggý, fíðluleikarinn, bjó úti í Hollandi var ég beðin um að hlaupa í skarðið með því að spila fíðlulínurnar á harmonikku. Það áttu bara að vera tvennir tónleikar og svo einhvern veginn flengdist ég bara í bandinu. Ég þekkti þau ekki neitt fyrir, nema bara Örn Inga.

Eftir menntaskóla fórst þú í tónsmíðanam við LHÍ og útskrifaðist þaðan 2010. Byrð þú mikið að því þegar þú semur tónlist í dag? Hvað græddir þú helst á náminu?

Ég byrjaði í Seabear sumarið 2007 og byrjaði síðan í Listaháskólanum um haustið sama ár. Þá var ég svona aðeins byrjuð að fíka við lagasmíðar en vissi samt eiginlega ekkert hvað ég var að gera. Ég held að ég hafi fyrst og fremst fundið minn stíl eða minn tónlistarheim í náminu. Þar notaði ég til dæmis píanó mikið og það hefur svona smitast út í popptónlistina sem ég er að gera í dag, eða hvað sem þú vilt kalla hana.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að kýla á sólóferil í tónlistinni?

Ég ákvað þó nú eiginlega bara ekkert. Thomas Morr, sem er maðurinn á bak við Morr Music, sendi mér einhvern tímann tölvupóst árið 2008 og spurði mig hvort ég ætti einhver lög. Ég sendi honum einhver demó sem ég átti en var nú ekkert með hugann við það, ég var bara á tónleikaferðalagi með Seabear í miklu stuði. Þremur mánuðum seinna var síðan bara EP-plata komin út og ég átti allt í einu að hita upp fyrir Seabear á Bandaríkjatúr. Þetta var mjög steikt allt saman. Ég er mjög fegin að þetta hafi gerst, en þetta var aldrei planað.

Það leið svolítið langur tími milli þess sem þú fórst að koma fram sem tónlistarkona þar til þú þorðir að syngja opinberlega. Ert þú enn feimin við að syngja?

Þú veist alveg sjálfur að það er erfitt að syngja fyrir annað fólk, það er frekar erfitt. Þegar ég var í Seabear var ég alltaf að syngja bakraddir og stóð alltaf mjög langt frá míkrofóninum og vildi helst að það heyrðist lítið í mér. Maður fattaði ekki þá að ef maður stendur uppi á sviði og syngur ekki alveg ofan í „mækinn“, þá heyrir bara

ekkert í manni. Ég trúði því ekki í nokkur ár og ég fékk endalaust af brjálæðisöskrum frá þáverandi hljóðmanni okkar: „Sóley! Drullastu nær míkrofóninum!“ Ég var alltaf að syngja einhverjar raddanir og svoleiðis en þoldi það ekki þá.

Þegar ég er að syngja mín eigin lög núna og ég heyrir vel í sjálfri mér, þá liður mér bara geðveikt vel uppi á sviði. Því miður hef ég ekkert lært að syngja, þó svo að það sé næst á dagskrá að fara í nokkra söngtíma.

Lagið þitt, Pretty Face, með yfir átta milljónir í áhorf á YouTube. Til samanburðar á sjálf Björk bara eitt lag sem fer yfir fjórar milljónir á YouTube. Hvað er málið með þetta?

Ég veit ekki hvernig þetta gerðist, þetta er svo fyndið. Í fyrsta lagi ætlaði ég ekki einu sinni að hafa þetta lag á plötunni. Það er svo ótrúlega „random“ að þetta lag hafi náð einhverjum hæðum á netinu. Það var bara einhver þjóðverji sem setti það á YouTube, ekki einu sinni neinn frá plötufyrirtækinu. Um daginn hafði síðan umboðsmaðurinn minn samband við þennan einstakling til að fá uppgefna einhverja svona tölfraði, til dæmis hvar í heiminum fólk væri helst að hlusta á lagið og svona, og þá varð þjóðverjinn geðveikt stressaður. Hann hélt að umboðsmaðurinn minn væri að fara að handtaka hann eða eitthvað (hlær).

En er það ekki frábært að svona margir hafi hlustað á lagið þitt?

Þegar við vorum í Austur-Evrópu einhvern tímann það til dæmis einhver mig um að árita vegabréfið sitt.

Ég eiginlega hata þetta jafnmikið og ég græði á þessu. Núna er þetta Pretty Face-lag eina lagið sem fólk talar um og nú skoðar fólk tónlistina mína alla út frá þessu eina lagi. Ég er svo mikið á móti því að draga út einhvern „singúl“ þegar tónlistin mín er annars vegar, mig langar svo mikið að hafa hana sem heild. Svo skapar þetta líka bara svo mikla pressu á mér á tónleikum að spila þetta lag alveg gallalaust. En að sama skapi græði ég gríðarlega mikið á þessum YouTube-spilunum og get því þakkað internetinu fyrir það að ég er að spila úti um allan heim. Ég þyrfti að fá að hitta þjóðverjann sem setti Pretty Face á YouTube. Eða kannski senda honum einn bol og límmeiða í þakklætisskyni.

Þú hefur líka ferðast með tónlistina þína um veröld víða síðan þú gafst út þína fyrstu breiðskífu í fyrria.

Já, ég hef farið syðst til Brasilíu og austast til Tyrklands. Tónleikarnir í Brasilíu og Tyrklandi voru svona stakir tónleikar bara en svo hef ég farið mest á einhverjar hátíðir og tónleikaferðalög, aðallega í Evrópu, og svo er ég að fara í fyrsta sinn með sólóverfnið mitt til Bandaríkjanna seinna, eftir nokkrar vikur. Mig langar síðan ótrúlega að fara til Japans. Það sem mig langar síðan ótrúlega mikið er að fá tækifæri til að ferðast um öll þessi lönd við tækifæri án þess að vera að spila. Þegar maður kemur á alla þessa flottu staði á tónleikaferðalagi þá nær maður svo lítið að skoða af því að maður er að dröslast með hljóðfærin út um allt og svona.

Í næstsíðustu viku varst þú útnefnd „Artist of the Week“ í kosningu á undirsíðu MTV.com, MTV Iggy. Hvernig er tilhugsunin að vita af einhverju fólki hinum megin á hnettinum sem dýrkar og dáir tónlistina þína?

Það er bara fínt. Auðvitað kemur þetta manni samt alltaf á óvart. Til dæmis hefði maður einhvern veginn fyrirfram haldið að fólk í Brasilíu væri ekkert að pæla í tónlist eins og minni.

Þessi heimur er ekkert stór, maður kemst sífellt betur og betur að því. Í raun er líka bara orðið svo einfalt að ferðast um heiminn, fyrir utan kostnaðinn. Það liggur við að maður „skjótist“ bara til annarra heimshorna án mikillar fyrirhafnar. Þegar ég spilaði í Tyrklandi kom ég síðan heim, stoppaði í tvo daga og flaug svo til Brasilíu. Það reyndar ruglar svolítið í líkama og sál að

SÓLEY Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 201086.

Það sem gleður mig mest þessa stundina: Nýja íbúðin mín.

Það sem veður mér helst hugarangri þessa stundina: Það er líklega bara líka íbúðin. Hún er ekki alveg tilbúin.

Það myndasta sem ég hef séð á netinu: Það sem mér dettur fyrst í hug er myndband á YouTube af gæja sem stendur við kalkúnabúr, sem ég er reyndar mikið á móti, og gefur frá sér svona kalkúnahljóð og fær alltaf svör til baka frá fuglunum. Það er mjög fyndið.

Uppáhaldstónlistarmaður: Joanna Newsom, hörpuleikari, söngkona og lagahöfundur.

Æskuátrúnaðargoð: Jónsi í Sigur Rós.





Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heim-sótti fyrir utan landsteinana: Ég fór til Denver að spila á tónleikum á vegum Iceland Naturally. Þar spiluðu Mugison, Lay Low og Pétur Ben einnig.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var á Snaps, þar fékk ég mér geðveikan saltfisk.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Kjóllinn sem er í. Ég keypti hann í Fatamarkaði Spúútík á Laugaveginum.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég horfði á 90's-spennumyndina Nick of Time með Johnny Depp. Hún var ágæt.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi: Þessa dagana er ég að flokka og endurvinnna pappír heima, til dæmis svona gamlar tilkynningar um ljósléiðara og eitthvað fleira svoleiðis dót.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það var líklega bara í gærkvöldi við Héðin (kærastann). Ég er ekki mikil svona „knúsa-fólk-týpa“ en er dugleg að láta þá sem eiga það skilið vita að mér þyki vænt um þá.



vera svona á ferð og flugi endalaust en maður verður líklega bara að hugsa að þetta sé hluti af vinnunni sinni, það er geðveikt.

Þú hefur fundið fyrir dálitlum mun á tónleikagestum hérlandis og erlendis, ekki satt?

Jú, á þessum ferðalögum finnst mér alltaf svo gaman að fylgjast með því hvernig fólk er á hverjum stað. Ég hef eiginlega komist að því að því syðra sem maður kemur, því blóðheitara er fólk, á góðan hátt. Það er æstara í að fá mynd af sér með manni, tala við mann og svona, það er ekki jafnlokað og við. Þegar við vorum í Austur-Evrópu einhvern tímann það til dæmis einhver mig um að árita vegabréfið sitt. Mér fannst það mjög fyndið.

Hefur þú fulla atvinnu af tónlist?

Ég hef verið að kenna í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar undanfarin ár samhliða minni eigin spilamennsku en núna í haust þurfti ég að taka mér frí frá því. Þetta er sem sagt fyrsti veturinn sem ég einbeiti mér alfarið að minni tónlist, enda hef ég líka verið að semja tónlist við leikverk. Ég var einmitt að fatta það að næstu mánaðamót verða fyrstu mánaðamótin í langan tíma þar sem ég fæ engin föst mánaðarlaun, obb-obb-obb.

Þú semur tónlistina við verkið Nýjustu fréttir sem sýnt er í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu. Hvernig fannst þér að semja tónlist fyrir leikverk?

Þetta var virkilega skemmtilegt og krefjandi. Þetta var svona „devised theatre“-verk, sem þýðir að verkið var samið meðfram æfingaferlinu, og ég var með í öllu ferlinu. Þetta er sem sagt brúðuleikhús, það er ekkert talað í sýningunni þannig að hljóð og tónlistin spila mjög sterk hlutverk. Þetta er líka bara svo flottur hópur sem kemur að þessu og dómarnir hafa líka verið frábærir. Reyndar var einn dómur í Fréttablaðinu sem ég er dálítið fúl út í. Dómurinn var upp á fimm stjörnur en hins vegar voru ljósa- og vídjöhönnuðirinn skrifaðir fyrir hljóðmyndinni og nafnið mitt var hvergi. Þeir fengu sem sagt heiðurinn af öllu verkinu mínu, það var ótrúlega svekkjandi. Ég var alveg bara: „En þetta er mitt, mitt!“ (hlær).

Hin svokallaða árshátíð íslenskra tónlistarmanna, Iceland Airwaves, hófst formlega í gær. Hvernig hljóðar þín lýsing á hátíðinni?

Ég held þetta sé bara sá tími þar sem hljómsveitir klæða sig í sparifötin. Eins og þú segir, þá er þetta

Ég myndi bara loka augunum ef ég stæði í marki. Ég loka allavega alltaf augunum þegar ég keyri í sveitinni og fugl flýgur framhjá bílnum. Það er kannski ástæðan fyrir því að ég á ekki bíl.

hálfgerð árshátíð. Þetta er sú helgi þar sem allir íslensku tónlistarmennirnir eru í bænum og allir eru að spila úti um allt í geðveikt góðu skapi.

Þetta er ekki beint rólegasta helgi ársins hjá þér.

Nei, í fyrri var ég að spila fáránlega oft og lenti í miklu stressi. Ég var að kenna í tónlistarskólanum og ruglaðist á klukkunni, var sem sagt orðin alltof sein á tónleika sem Morr Music, plötufyrirtækið sem ég er hjá, var að halda. Fólk hafði reynt að hringja í mig á fullu en ég hafði ekkert svarað. Þegar ég loks fattaði hvað var í gangi það ég nemandann vinsamlegast að fara út, það voru bara nokkrar mínútur eftir, og fór að gráta af stressi (hlær).

Núna er ég sem sagt búin að skipuleggja þetta mjög vel í iCal og ætti ekki að klikka á neinu. Það eina sem mig vantar er eiginlega einhvers konar kerra. Ég á þarf náttúrlega að bruna á milli með staða með hljómborðið mitt en ég á ekki bíl og það er allt of dýrt að taka endalaust af leigubílum. Í fyrri var ég á bíl en ég var alltaf að fá endalaust af stöðumælasektum, meira að segja alltaf frá sama stöðumælaverðinum. Ég auglýsi sem sagt eftir einhverri heppilegri kerra.

Svo ert þú að fara á túr með Of Monsters and Men.

Já, ég er að fara til Kanada og Bandaríkjanna núna 14. nóvember með Of Monsters and Men. Þetta verður tveggja vikna túr um austurströndina, við byrjum í Toronto og förum í sólina í Orlando. Ég veit í rauninni ekkert hvernig þetta verður, en þetta er mjög spennandi. Það er bara eins gott að þetta verði skemmtilegt því það var geðveikt dýrt að kaupa vinnu-vísa til að mega spila í Bandaríkjunum! (hlær).

SMÁA LETRIÐ



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Delicatessen, Amélie (krútt, já), spaghetti-vestra trilogía Eastwood & Sergio Leone og margt annað.

Myndin sem ég væli yfir: Ég væli yfir öllum myndum. Líka Ace Ventura.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Ég væli bara. Þótt það sé fyndið.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Lion King, Aladdin, Edward Scissorhands og The Mask.

Versta mynd sem ég hef séð: Ég horfi bara á næs myndir, þannig...

TÓNLIST

Lagið í uppáhaldi þessa stundina: Faking Jazz Together – Connan Mockasin

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: Dreams – Fleetwood Mac.

Lagið sem ég fíla í laumi: Flest lög sem eru spiluð í útvarpinu. Innst inni í mér kraumar lítil „mainstream Sóley“.

Lagið sem ég syng í karóki: Just a Gigolo, lag sem við spiluðum alltaf í lúðrasveitinni þegar ég var lítil.

Nostalgiulagið: Do It Again – Steely Dan.



FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Sushi.


Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Ég reyni almennt alltaf að borða hollt.

Versti matur sem ég hef smakkað: Ég smakkaði mjög vandan mat einhvern tímann í Póllandi. Með því er ég samt ekki að segja að allur pólskur matur sé vondur.

Líkamsræktin mín: Ég hef verið í Kramhúsinu í Afró þegar ég hef tíma, það er mjög gaman. Svo finnst mér líka bara gott að fara út að hlaupa.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Ég var í handbolta og fótbolta en ég var nú eiginlega aldrei góð. Ég hljóp hins vegar 10 km í Reykjavíkumaraþoni núna í ágúst síðastliðnum og bætti þá metið mitt um fimm mínútur. Það er stoltasta augnablikið.





Samsung GALAXY
ALLT ÞAÐ GÓÐA SEM LÍFIÐ
HEFUR UPP Á AÐ BJTÓÐA!



5

4

7

1

3

6

2

DAY BIRGER ET MIKKESEN
KÁPA, KEYPT Í DANMÖRKU.
EINSTAKLEGA KLÆDILEG OG
VIRKILEGA HLÝ MEÐ FALLEG
"DETAILS". ALGJÖR KLASSÍK!

ALL SAINTS BOOTS, KEYPT Í KRINGLUNNI.
FINNST ÞAU VERA "HIN FULLKOMNU
BOOTS" SEM PASSA VIÐ ALLT. ELSKA
ÞETTA MERKI, LEIDINLEGT AÐ ÞAÐ SÉ
EKKI LENGUR ALL SAINTS-BÚÐ Á ÍSLANDI.

RAY BAN-SÓGLERAUGU. NAUÐ-
SYNLEG Í LÁGU VETRARSÓLINNI
SEM SKÍN BEINT Í AUGUN VIÐ
AKSTUR, SÓGLERAUGU EIGA
EKKI BARA VIÐ SUMARTÍMANN ;)

IPHONE-INN MINN. VERÐ
AÐ VIÐURKENNA AÐ ÉG
ER ORÐIN ÁGÆTLEGA
HÁÐ HONUM ENDA
VIRKILEGA SNIÐUGT
TÆKI. EN ÉG MAN
SAMT ALVEG HVAD
MÉR FANNST GEDVEIKT
AÐ EIGA NOKIA 3310,
GOOD TIMES!

SÍÐAST EN ALLS EKKI SÍST LANGAR
MIG AÐ NEFNA **MÖMMU MÍNA**, HELGU
MARGRÉTI GUÐMUNDSDÓTTUR. ÉG
GERI MÉR GREIN FYRIR ÞVÍ AÐ HÚN
ER EKKI HLUTUR EN MÉR FANNST ÉG
VERÐA AÐ LÍFGA AÐEINS UPPÁ VÖRU-
UPPTALNINGUNA. HÚN ER LÍKA SVO
MIKIÐ UPPÁHALDS OG FLOTT KONA.

RAGNHEIÐUR

Fullt nafn: Ragnheiður Theodórsdóttir
Fyrstu sex í kennitölu: 140688
Staða (nám/starf): Er í viðskiptafræði í HR
Uppáhalds búð: All Saints & Forever 21
Þrjú orð sem lýsa þér best: Metnaðarfull,
ævintýragjörn og súkkulaðisjúk.

FLOWERBOMB. FÆ EKKI
NÓG AF LYKTINNI OG MJÖG
MIKILVÆGT AÐ ILMA VEL!

NIKE FREE. ÞÆGILEGASTIR Í HEIMI OG LÍKA
MJÖG FLOTTIR, ALGJÖR SNILLD! MÍNIR ERU
SVARTIR EN MIG LANGAR Í LITRÍKA LÍKA.

Alltaf veður fyrir leður

Stíllinn fékk fyrirsetuna Ragnheiði Theodórsdóttur í heimsókn þessa vikuna. Ragnheiður stundar nám í viðskiptafræði við HR ásamt því að spila körfubolta með Stjörnunni í Garðabæ. Hér sýnir Ragnheiður lesendum sjö af sínum uppáhalds hlutum.

Hvað ert þú að gera þessa dagana? Er í viðskiptafræði í HR, vinna hjá Air Atlanta og að æfa körfubolta með Stjörnunni. Nóg að gera!

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Ég myndi segja að hann væri frekar einfaldur og óútpældur, svolítið rokkaður en líka "classy". Mér finnst skemmtilegt að blanda saman grófu og finu, annars fer ég oftast bara í eitthvað sem mér finnst þægilegt og líður vel í.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Þegar ég versla hér heima fer ég oftast í Topshop, Zöru eða Nikita. En versla yfirleitt erlendis, þá í þessum hefðbundnu búðum, t.d. H&M, Gina Tricot og Forever21. Annars finnst mér líka rosa fínt að versla á netinu því mér finnst frekar leiðinlegt að máta fót. Ég kík þá aðallega inná Asos. Svo var ég að uppgötva búð sem heitir Brandy Melville og fíla hana.

Hver er best klædda kona í heimi? Ég myndi segja að kona sem líður vel í eigin skinni sé sú

best klædda :) En hins vegar finnst mér Olivia Palermo kvenleg og fín og hin sænska Kenza Zouiten er mjög flott.

Hvað átt þú mörg skópör? Góð spurning! Hef bara aldrei þælt í því en í tilefni þessarar spurningar þá fór ég og taldi og með körfuboltaskóm og takkaskóm eru þetta ca. 30 pör. Annars eru Timberland-skór efst á óskalistanum núna.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir veturinn? Falleg og hlý svört kápa, helst með leðurfídusum, það er alltaf veður fyrir leður! Svo er það dúnúlpa, bykkar peysur og leðurhanskar fyrir kalt stýrið í bílnum á morgnana, maður er líka bara svo töff með leðurhanska.

Hvað er framundan hjá þér í vetur? Læra, vinna og spila körfubolta. Það styttest í prófin þannig að ég ætla að einbeita mér að skólanum. Svo er ég farin að hlakka til jólanna, só?

FLÉTTAÐU ÞIG FYRIR VETURINN

Fléttur hafa verið einstaklega vinsælar upp á síðkastið. Það er hægt að útfæra þær á allskyns vegu, bæði fyrir hversdagslegt útlit og einnig fyrir fínri tilefni. Stíllinn tók saman nokkur dæmi.



FISKIFLÉTTA – Fiskiflétta hefur komið gríðarleg sterk inn síðustu misseri. Hún er örhlítid flóknari að útfæra en það er algjörlega þess virði. Hún er svo sjúklega flott.



UPPI-HLIÐARFLÉTTA – Það er oft gaman að breyta til og taka hárið í óreglulega fléttu í hliðinni meðfram höfðinu. Þá er líka flott að leyfa nokkrum lokkum að lafa og njóta sín.



TAGL MEÐ FLÉTTU – Ef hárið er eitthvað að stríða þér þá er alltaf góð lausn að setja það í hátt tagl og flétta svo taglið. Stílhreint og flott útlit sem virkar við allt.



HLIÐARFLÉTTA – Hliðarflétta kemur mjög vel út, sérstaklega í síðu hári. Það er lyklatríði að hafa hana lausa og jafnvel örhlítid úfna, þá verður útlitið töff og kynþokkafullt.



FASTAFLÉTTA 1 – Það er hægt að leika sér mikið með fastar fléttur. Hér er hún þétt og endarnir spenntir upp. Einstaklega flott og fágað útlit.



LAUS FASTAFLÉTTA – Það kemur gríðarlega vel út að gera lausa fastafléttu í hárið og spenna enda fléttunnar upp. Þetta útlit virkar bæði fyrir hversdagslegt útlit en einnig

SPARI:

JAKKI: CALVIN KLEIN
SKYRТА: H&M
BUXUR: LEVIS
ÚR: MICHAEL KORSE
SKÓR: URBAN

HVERSDAGS:

LEÐURJAKKI: URBAN
BOLUR: AMERICAN APPAREL
BUXUR: DIESEL
SKÓR: CONVERSE

SKÓLADRESSIÐ:

JAKKI: H&M
PEYSA: KITSON
SKYRТА: TOPMAN
BUXUR: KR3W
SKÓR: CONVERSE

ÚT Á LÍFIÐ:

LEÐURJAKKI: ZARA
SKYRТА: CALVIN KLEIN
BUXUR: H&M
SKÓR: URBAN

Beckham ber höfuð og herðar yfir aðra

Það er enginn annar en **Brynjar Benediktsson** sem prýðir **Stílsíðu Monitor** þessa vikuna. Brynjar er knattspyrnukappi með gott tiskuvit en ásamt boltanum stundar Brynjar hagfræðinám við Háskóla Íslands og mætir hann alltaf flottur til fara í kennslustundir.

Hver er Brynjar Benediktsson? Ég er 22 ára hagfræðinemi úr Háskóla Íslands. Spila einnig knattspyrnu.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum í þínum? Ég er með frekar casual stíl, er ekkert að flækja hlutina. Fæ reyndar oft góð ráð frá kærustunni.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég bjó í Bandaríkjunum á síðasta ári þannig að öll mín föt eru þaðan. Versla þar helst í Urban, H&M, American Apparel og Zóru. Topman dettur einnig stundum inn.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Haustið er að mínu mati skemmtilegasti árstíminn þar sem þú getur í rauninni klæðst fjölbreyttast á þeim tíma.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi? Það er ekkert flókið hver er best klæddi og myndarlegasti maður í heimi. David Beckham ber höfuð og herðar yfir alla aðra karlmenn í heiminum. Á Íslandi er það Bjarki bróðir minn, hann er með tiskuna á hreinu!

Hver hafa verið þín verstu tiskumistökk? Þegar ég keypti föt bara útaf merkinu var ekkert að spá hvort það væri að lúcka, keypti t.d. tvær viðbjóðslegar levis-peysur, hvora í sínum lit. Hef sem betur fer þroskast upp úr því.

Slaufan og leðurjakkinn eru ómissandi í haust. Hvítir intersport sokkar eru einnig skyldueign.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnunum fyrir haustið? Slaufan og leðurjakkinn eru ómissandi í haust. Hvítir intersport-sokkar eru einnig skyldueign þegar maður ætlar að dressa sig eitthvað fint.

Hvað er á döfinni hjá þér í haust? Það kemst fátt annað að en námið og boltinn. Var að koma úr góðri ameríkureisu þar sem maður var ekki mikið með bókina á lofti þannig að það er nóg að gera í að vinna allt upp. Síðan hefst lengsta undirbúningstímabil sögunnar í byrjun nóv. Þannig það verður nóg að gera.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi þá alltaf gera það almennilega og fá mér sleeve í staðinn fyrir bara eitt tattú. Er hinsvegar ekki alveg klár hvernig ég myndi hafa sleeveið. Maður þarf virkilega að vanda valið á því.



HVERSDAGS



ÚT Á LÍFIÐ

Myndir/Ómar



SPARI



SKÓLADRESSIÐ

Miðnætursprengja í dag 1 nóv...



20%

 afsláttur af öllum skóm

gs skór

Kringlunni - Smáralind

s. 512 1760 - s. 512 7700

ntc.is - erum á facebook



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Nafn liðs: Refs
Besta uppfinningin: Glefs
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... er mafsað
Einkunnarorð liðsins: Hasta la victoria!
Frá vinstri: Erlingur, Eiríkur, Gerðar, Nebojsa, Örn Dúi



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

Nafn liðs: RisaSmár
Besta uppfinningin: Notkun rafmagns
Bestu hugmyndirnar kvikna... með samvinnu margra
Einkunnarorð liðsins: Hvað getur þú gert fyrir vísindin!
Frá vinstri: Sveinn Bjarki, Bjarki, Haukur, Benedikt, Ólafur Már



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Nafn liðs: FS - Flottir strákar
Besta uppfinningin: Síminn, internetið og wifi
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... þegar þú átt sist von á því
Einkunnarorð liðsins: Kærleikur, þekking, víska
Frá vinstri: Ólafur Magnús, Eyþór, Björn Geir, Óskar Örn og Hafsteinn Fannar



VERZLUNARSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Nafn liðs: Hjó-lið
Besta uppfinningin: Hjólið
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... hjólin snúast
Einkunnarorð: Hjólum 'etta í gang
Frá hægri: Auður, Bjarni Örn, Kristján Ingi, Alexander Ágúst og Daníel Freyr

Kepppt til úrslita í snilld

Átta lið úr framhaldsskólum landsins keppa til úrslita í **Boxinu**, framkvæmda-keppni framhaldsskólanna laugardaginn 3. nóvember í Háskólanum í Reykjavík. Þar leysa nemendur þrautir sem reyna á hugvit, verklag og samvinnu. **boxid.ru.is**



MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Nafn liðs: Mike Tyson
Besta uppfinningin: Klárlega svitalyktareyðirinn
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... eldur er borinn að þeim
Einkunnarorð liðsins: Ekki borða gulan snjó
Frá vinstri: Andri, Guolin, Jón Sölví, Sigurður Kári og Benedikt



TÆKNISKÓLINN

Nafn liðs: A-Team
Besta uppfinningin: Alltof margar
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... maður er nývaknaður og gleymir þeim svo strax
Einkunnarorð liðsins: Þetta reddast!
Frá vinstri: Jónína, Ragnar, Sigurður Þór, Halldór Guðni, Arnar Helgi.



VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Nafn liðs: Aflíð
Besta uppfinningin: Glóperan
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... rétt áður en maður gleymir þeim
Einkunnarorð liðsins: Það fer aldrei verr en illa
Frá vinstri: Ívar, Unnar Bjarki, Anna Lilja, Sigurður Tómas, Finnur Ármann



IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Nafn liðs: Vaskir völunder
Besta uppfinningin: Krókur á móti bragði
Bestu hugmyndirnar kvikna þegar... álagið er í hámarki
Einkunnarorð liðsins: Veröldin er okkar
Frá vinstri: Gabríel, Orri, Elvar, Bjarni. Bryndís er á sérmynd.



MONITOR

KYNNIR:

HVALMARR

Ásgeir Úrausti
valdimar

MOSES HIGHTOWER

KIRIYAMA FAMILY

HÁTT í HÖLLINNI

LAUGARDALSHÖLL 19. DESEMBER

FORSALA HAFIN Á MIÐI.IS
1000 KR AFSLÁTTUR Í DAG Á MIÐUM Í STÆÐI

 Finndu okkur á Facebook: "HÁTT Í HÖLLINNI"

„You kind of sing and dance like a zombie who has to poop.“ **Glee**



SKYFALL
007

VILTU VINNA LEIKINN EÐA BÍÓMIÐA?

SENDU SMS EST BOND Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF AUKAVINNINGUM: DVD - TÖLVULEIKIR GOS O.FL.



KOMIN Í BÍÓ!

9. HVER VINNUR! FJÖLDI AUKAVINNINGA

SPILAÐU Í GEGNUM HELSTU ATRÍÐI BOND MYNDANNA Í MÖGNUGUM SKOTLEIK.

199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TÁKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Pitch Perfect

Beca (Kendrick) er nýbyrjuð í háskóla, en finnst hún ekki falla í neinn sérstakan hóp. Á lokum er hún þó nánast þvinguð í hóp þar sem alls kyns stelpur koma saman: þær vondu, þær góðu og þær skrítnu. Þær eiga það sameiginlegt hversu vel þær hljóma þegar þær syngja saman, og Beca sannfærir stelpurnar um að losa sig úr viðjum

vanans og feta nýjar og spennandi leiðir í tónlistarskópun svo að þær geti klifið metorðastigann í vægðarlausri og samkeppnisfullri veröld háskólakóranna. Framtak þeirra hefur alla tilburði til að vera það svalasta eða klikkaðasta sem þær hafa nokkurn tímann gert og verður að öllum líkindum sitt lítið af hvoru.

Leikstjóri: Jason Moore.
Aðalhlutverk: Anna Kendrick, Brittany Snow & Rebel Wilson
Lengd: 112 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.




VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á **Skyfall**, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR



Medal of Honor Warfighter

TEGUND: Skotleikur

PEGI merking: 16+

Útgefandi: EA

Dómar: Gamespot 6 af 10 / IGN 4 af 10 / Eurogamer 5 af 10

Falskur ættjarðarsöngur

Medal of Honor-serían var eitt sinn skínandi leiðarljós þegar kom að fyrstu persónu skotleikjum, en í upphafi beindi serían kastljósi sínu að seinni heimsstyrjöldinni. Nú er öldin önnur en í vikunni kom út nýjasta útgáfa.

Í Medal of Honor Warfighter fara leikmenn í hlutverk sérsveitarmanna í bandaríska hernum. Í gegnum söguþráðinn fáum við að kynnast þeim og fjölskyldum þeirra og er allt reynt til að kreista fram tárin og sýna fram á hversu mikil fórn hinn venjulegi sérsveitarmaður þarf að færa til að vernda ættjörðina og heimalandið. Eins og lenska er í skotleikjum í dag er sagan sögð frá sjónarhorni nokkurra hermanna og er hún frekar ruglingsleg og fer einhvernvegin útum allt.

Spilun leiksins er dæmigerð fyrir þessa tegund leikja og fátt nýtt þar í spilunum, öll vopnin virka vel, umhverfi leiksins kemur vel út og nokkrir bardagararnir vel útfærðir. Á móti kemur að gervigreind óvina er frekar lág og maður finnur ekki alveg tilganginn með mörgum af þessum herferðum, en það dregur verulega úr stemmingunni.

Fyrir utan söguþráðinn er netspilun í leiknum, en það er oft þar sem þessir leikir eru fyrst og fremst dæmdir og verð ég að segja að þarna tekst þeim ágætlega upp. Leikmenn byrja hér á því að velja

sér hvaða sérsveit þeir vilja tilheyra og eru flestar stærstu sérsveitir heimsins þar inni. Hver sérsveit hefur sitt sérkenni og þurfa menn því að velja vel. Spilunarmöguleikarnir eru svo eins og í flestum skotleikjum með Team Deathmatch, Capture the flag og fleiri. Eftir sem á líður í spiluninni geta leikmenn svo uppfært hermennina og vopnin og virkar það allt mjög vel. Einn stór plús í netspiluninni er svokallað buddy-kerfi þar sem tveir vinna saman og hjálpast að við að fylla á vopnin og hefna fyrir drápin hvor annars.

Medal of Honor Warfighter er eins og hálf Homeblest-kexkaka, góð öðrum megin. Söguþráðurinn meikar ekki sens og er gerður algjörlega fyrir Ameríkana sem eru stúttfullir af ættjarðarást. Hinsvegar er netspilun leiksins mjög vel útfærð og getur alveg haldið manni við efnið í langan tíma og mæli ég með þeim hluta.

Medal of Honor slær hér falskar feilnótur og ljóst að EA þarf að skipta um nál í plötuspilaranum eða hreinlega setja á aðra plötu.





KVIKMYND

Bond snýr aftur með hveli

Eftir fjögur ár í dvala og mikla eftirvæntingu hefur nýjasta Bondmyndin loksins litið dagsins ljós. Ólíkt forvera hennar, Quantum of Solace, þá veldur Skyfall ekki vonbrigðum og fer hún með áhorfendur á áður ósæða staði í hugarheimi Bonds. Ímynd hans hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því að Daniel Craig tók við aðalhlutverkinu og er karakterinn orðinn mun myrkari og grófari en hjá öðrum leikurum sem hafa túlkað hann. Í Skyfall er Bond kominn til ára sinna en aldurinn gerir honum greinilega erfitt að takast á við verkefni sín, en einnig virðast djöflar fortíðar hans vera að stríða honum og það leiðir til mikillar drykkju (og nú drekkur hann bara Heineken-bjór!). Eins og með margar nýlegar myndir sem snúa að einhvers konar hryðjuverkum þá notast „vondi kallinn“ í Skyfall við tölvuárásir til að snúa á Bond og félag. Að venju lætur hann það ekki yfir sig ganga og fer því í mikla leit að árásmanninum á meðan yfirboðarar Bonds hafa stöðugar áhyggjur af sínum manni.

Myrkari og grófari

James Bond í dag og fyrir tíma Daniels Craig eru mjög ólíkir, en persónulega líkar mér betur við nýju útgáfuna af leyniþjónustumanninum knáa. Í Skyfall er hann grófari karakter, glímir við alvöru vandamál og er mun mannlegri fyrir vikið. Algjört úrvalslið leikara er að sjálfsögðu til staðar og eru nýju leikararnir engu síðri en gömlu sleggjumar. Ber þar helst að nefna skúrinn sem leikinn er af Javier Bardem, en á vissum tímamarki hélt ég með honum og vonaði að hann myndi sigra, svo góður/vondur var hann! Án þess að gefa of mikið upp þá er einnig virkilega gaman að sjá Bond grúska aðeins í uppruna sínum og fá smörþefinn af því hvað varð til þess að hann gerðist útsendari fyrir bresku leyniþjónustuna.



HJÁLMAR KARLSSON

SKYFALL
MMMMM



Rod Stewart
Merry Christmas, baby
Sumum finnst byrjun nóvember fullsnemmt fyrir jólin en ef þú heitir Rod Stewart og platan þín inniheldur Merry Christmas, baby í titlinum þá færðu fullt leyfi til að þjófstarta jólinum.



Aerosmith
Music From Another Dimension
Önnur sveit sem ég hélt að væri hætt. Eiga svakalegan catalog en hafa ekki náð inn á lista í yfir 10 ár. Spurning hvernig árin hafa farið með þá.



Dionne Warwick
Now
Söngkonan 71 árs hefur ekki náð inn á vinsældarlista síðan 1971 en heldur samt áfram að gefa út efni. Spurning hvort nýja efnið eigi eitthvað í gömlu soul-klassikerana.



Public Enemy
Evil Empire of Everything
Eflaust fáir sem vita að þeir séu ennþá starfandi. Hvað þá að önnur plata þeirra á árinu er á leiðinni. Svikur þó ekki sanna aðdáendur því fátt hefur breyst.



Celine Dion
Water and a Flame
Einhver samsuða af cover-lögum og frumsömdu efni. Mesta athygli vekur að Ne-Yo og fleiri popplistarar hafa verið að vinna við plötuna.



TÓNLISTINN

Vikan 24. október - 31. október 2012

- 1 **Ásgeir Trausti**
Dýrð í dauðabögn
- 2 **Skálmöld**
Börn Loka
- 3 **Valdimar**
Um stund
- 4 **Retro Stefson**
Retro Stefson
- 5 **Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
- 6 **Biggi Hilmars**
All We Can Be
- 7 **Jónas Sigurðsson**
Þar sem himin ber við haf
- 8 **Úr kvikmynd**
Ávaxtakarfan
- 9 **Bjarni Arason**
Elvis Gospel
- 10 **Stuðmenn**
Astralterta

☑ **Mannakorn** Í blómabrekkunni ☑ **Úr leikriti** Dýrin í Hálsaskógi ☑ **Muse** The 2nd Law ☑ **Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson** Stafnbúi ☑ **Moses** Hightower Önnur Mósebók ☑ **Fríðrik Dór Vélraenn** ☑ **Úr leikritum** Thorbjörn Egner: Gömlu góðu leikritin ☑ **Mugison** 5 CD Pakki ☑ **Adele** 21 ☑ **Jón Jónsson** Wait For Fate ☑ **Mumford & Sons** Babel ☑ **Sigur Rós** Valtari ☑ **Valdimar** Undraland ☑ **Elly Vilhjálm** Heyr mína bæn ☑ **Magnús og Jóhann** Í tíma ☑ **Tilbury** Exorcise ☑ **Rökkurró** Í annan heim ☑ **Eivör** Room ☑ **Helgi Björn** & reiðmenn vindanna Heim í heiðardalinn ☑ **Þórunn Antonía** Star

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötufra- leiðenda og inniheldur sölutölur síðastlið- innar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 24. október - 31. október 2012

- 1 **Ásgeir Trausti**
Dýrð í dauðabögn
- 2 **Retro Stefson**
Glow
- 3 **Mumford & Sons**
I Will Wait
- 4 **Valdimar**
Sýn
- 5 **Muse**
Madness
- 6 **Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson**
Froðan
- 7 **Adele**
Skyfall
- 8 **Magni**
Augnablik
- 9 **Rihanna**
Diamonds
- 10 **Philip Phillips**
Home

☑ **Ásgeir Trausti** Leyndarmál ☑ **Of Monsters And Men** Mountain Sounds ☑ **The Script / Will.I.Am** Hall Of Fame ☑ **Maroon 5** One More Night ☑ **Of Monsters And Men** Dirty Paws ☑ **Adele** One And Only ☑ **Robbie Williams** Candy ☑ **Jónas Sigurðsson** Hafíð er svart ☑ **Green Day** Oh Love ☑ **The Lumineers** Ho Hay ☑ **The Black Keys** Little Black Submarines ☑ **Bruno Mars** Locked Out Of Heaven ☑ **Þórunn Antonía** So High ☑ **One Direction** Live While We Are Young ☑ **Moses Hightower** Sjáum hvað setur ☑ **Jack White** I'm shaking ☑ **David Guetta/SIA** She Wolf ☑ **Lára Rúnars** Beast ☑ **Biggi Hilmars** War Hero ☑ **Jónas Sigurðsson** Þyrnigerðið

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötu- framleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM957, Xí 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

Ungur nemur, gamall temur

Ef þér leiðast nýjar hljómsveitir og flytjendur og kýst frekar að hlusta á gamla og rótgróna tónlistarmenn er nóvembermánuðurinn algjör veisla fyrir þig.



TÓNLIST
FREYR ÁRNASON



Kid Rock
Rebel Soul
Kid Rock var STÓR í kringum aldamótin en hefur síðan þá siglt nokkuð lygnan sjó eftir að hafa kvatt rokk/rapp/kántrý sándið sem hann skapaði. Nýjustu lög- in eru vel amerísk, ég meina allir í herinn og bönnum fóstur- eyðingar-amerísk.



The Rolling Stones
GRRR!
Best of-plata í tilefni 50 ára afmælis hljómsveitarinnar með tilheyrandi tónleikahaldi. Þeir sem eiga 500 þúsund kall sem þeir vita ekki hvað þeir eiga að gera við geta nálgast miða á netinu.



Green Day
Dos!
Önnur platan í þrileiknum Uno! Dos! Tres! Uno! sem kom út í september hefur fengið finar móttökur, bæði hjá gagnrýnendum og að- dáendum. Green Day virðast vera koma með einhverskonar kombakk eftir mögur 10 ár.



NÝMÓÐINS ÚTGÁFUR Í NÓVEMBER

- Deftones** - Koi No Yokan (meira um hana í næsta tölublaði)
- Rihanna** - Unapologetic
- Cee-Lo Green** - Cee Lo's Magic Moment
- Big Boi** - Vicious Lies and Dangerous Rumors
- Meek Mill** - Dreams & Nightmares
- Major Lazer** - Free The Universe
- Calvin Harris** - ónefnd

Heimadekur


Það þarf ekki endilega að fara á snyrti eða nuddstofu til þess að gera vel við sig, það er alltaf hægt að gera þetta á skemmtilegan máta heima og gefa peningaveskinu frí í leiðinni, allir vinna. Hér eru nokkur ráð til að dekra vel við líkama og sál heima fyrir:

Hrærðu saman hrásykri og ólívuolíu/kókosolíu og notaðu sem andlits- og líkamsskrúbb. Einnig má nota eplamauk í staðinn fyrir olíurnar.

Olíurnar má einnig setja í há- rendana og láta bíða í nokkrar mínútur sem góða djúpnæringu.

Sjóðið vatn í potti, hallið ykkur yfir pottinn og setjið hand- klæði ofan á hausinn til þess að loka gufunu inni. Fljótlegt og einfalt gufubað til þess að hreinsa húðina. Athugið að slökkva á hellunni og jafnvel koma pottinum fyrir á annað borð áður en hallað er sér yfir.

Andlitsmaska er mjög auðvelt að búa til heima og er hægt að setja ýmislegt í hann, t.d. haframjól,



HELGA ÞÓRA

Ab-mjól, sitrónu, banana, lyftiduft, eggjahvítur og fleira – bara að prófa sig áfram í þessu.

Hægt er að niður- hala róandi tón- list á netinu og hafa í gangi á meðan á heitu

baði stendur, kertaljós á kantinum skemmir heldur ekki fyrir!

Ekki er amalegt að enda slökun- arstundina á naglalakki og öðru dundi.

Maður fær aldrei nóg af dekki og göðu viðhaldi.



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Nína Dögg Filippusdóttir.
Á forsíðu: 13. maí 2010.
Fyrirsögn viðtals: Nudda næsta mann ef honum er illt.

Allir hressir hér á bæ, þakka ykkur Monitor-liði fyrir. Ég var að klára að frumsýna hið stórmerkilega og stórbrotna leikrit Bastarða í Borgarleikhúsinu á laugardaginn. Við erum búin að vera á haus í 3 vikur að gera þetta klárt. Það eru alls kyns skemmtileg áhættuatriði í þessu, svona Vesturportslegt. Þannig ég er frekar marín og blá á kroppinn, en ávallt með góða skapið uppi við. Við tekur nú að sýna Bastarða á hverju kvöldi næstu 3 vikur, með smá stoppi á Akureyri, þeim fagra stað. Þar mun ég stíga á svið í Hofi og leika á Sama tíma að ári með Góa gleðigjafa. Nú það sem við tekur á daginn hjá mér er að undirbúa ferð okkar Vesturports til New York þar ætlum við að leika á alls oddi og sýna þeim Faust. Þetta er stórt festival sem heitir Bam, www.bam.org. Við höfum leikið þar tvisvar sinnum áður með Woyzek og Hamskiftin. Þannig við erum mjög spennst að fara þangað með Faust.



LOL-MAIL MONITOR

Blessaður Geir
Jói Ásbjörns skoraði á þig í síðustu viku í brandarahorninu okkar. Kanntu einn góðan?

Með fyrirfram þökk,
Jón Ragnar

Sæll Jón minn,
Ég er með einn.

Ég og konan mín vorum hamingjusöm í 20 ár! Svo hittum við hvort annað.

Ég skora á Richard Scobie.

Kveðja,
Geir.

LOKAPRÓFIÐ

| 1. nóvember 2012 |
MONITOR
skólinn

Ég heiti Guðmundur Jónsson.

Ef ég væri ekki Guðmundur Jörundsson væri ég til í að vera

Þú veist hver ég er af því að ég sá hann á vefsíðu AF MÍJANNA 2008



Síðustu helgi frumsýndi ég nýja línu JÖR sem nefnist Jewlia S/S '13 en tískusýningin fór fram á efstu hæðinni í Turninum. Stemningin þar var

- a) allt í lagi en ég var sjálfur í skýjunum.
- b) fin hjá fólkinu í salnum en ég ældi úr stressi.
- c) í algjöru hámarki og ég á í erfiðleikum með að koma mér niður á jörðina á nýjan leik.
- d) _____

Fötin sem þar voru sýnd eru öll

- a) gölluð.
- b) einstaklega töff.
- c) mín hönnun.
- d) gjörsamlega geggjúð.
- e) konan mín



Uppáhaldsfyrirsætan mín þar var

- a) Ómar Þór Ómarsson.
- b) Emil Þór Guðmundsson.
- c) Unnsteinn Manúel Stefánsson.
- d) Elmar Johnson..
- e) Gæli Elmu upp á mínu móðurm. Þetta ernu þiður

- a) komst ég á toppinn á Mount Everest.
- b) keypti ég mér sumarhúsið í Úthlíð.
- c) fékk ég mér Jamiroquai-húðflúr þegar ég var fullur í Eistlandi.
- d) hljóp ég til Egilsstaða og til baka.

Sú ákvörðun mín finnst mér í dag

- a) algjör snilld enda snilldarhljómsveit þar á ferð.
- b) ekkert sérstaklega góð enda hef ég ekki farið í sund síðan.
- c) sanna að maður eigi ekki að byrja að grekka fyrr en maður er orðinn 20 ára.
- d) sanna að maður eigi ekki að fara til Eistlands fyrr en maður er 26 ára.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

#13 Guðmundur Jónsson

- a) Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra í Washington D.C.
- b) Guðmundur Felixson, sonur Felix Bergssonar
- c) Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar
- d) konan mín

af því að þú fangi ég að finna hvað ég er óþolandi

Ég hata Munda af því að hann

- a) þykist vera nettari hönnuður en ég.
- b) þykist vera svo flottur að gera stuttmyndir og býður fullt af fólki að koma og sjá og gefur þeim fritt áfengi.
- c) er alltaf að dissu hönnunina mína.
- d) stæl alltaf sniðunum mínum.
- e) ég hata hann bara alls ekki. Við erum bara mjög góðir vinir.

SATT OG ÓSATT

Mér finnst Skjöldur miklu skemmtilegri en Kormákur.

S Ó

Ég hélt lengi vel að Skjöldur Eyfjörð ætti helminginn í Herrafta-verzlun Kormáks og Skjaldar.

S Ó

Ég er holdgervingur hipstersins á Íslandi.

S Ó

Það nettasta sem ég hef gert er

- a) að kaupa mér Land Rover áður en ég fékk mér bílpróf.
- b) að demba mér í laxveiði af fullum krafti.
- c) að flytja inn Barbour-jakkana til Íslands.
- d) að vera grjótharður Valsari.
- e) allt ofantalið er nett.

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn myndi sjá myndi ég skrifa:

FASS-JÖN



VEL GERT

Bára Hólmgeirsdóttir
“Hrósíð mitt fær Bára í Aftur. Ég elska fötin hennar og hugmyndafræðina á bak við Aftur hönnunina.



Hún endurvinnur gömul föt og hennar úr þeim frábær tiskuföt. Aftur er umhverfisvæn hönnun sem lætur þér líða vel í fötunum og með góða samvisku gagnvart náttúrunni.”

Hrósari er Solla Eiríks



ATLI ÓSKAR

ÉG HEF ALDREI

...gengið út úr bíó í miðri mynd. Sama hversu léleg myndin var. Það má jafnvel segja að ég hafi ákveðna unun af því að horfa á lélegar myndir. Auk þess er ég Manic Compulsive og verð að klára allt, annars fæ ég taugaáfall.

...smakkað rækjusalat, túnfisksalat, laxasalat, hangikjötssalat eða annað gums. Finnst það líklega klígjugjarnasti matur í heimi og get ekki ímyndað mér að mér þyki hann góður. Samt borða ég alveg rækjur, túnfisk, lax og hangikjöt með bestu list, og meira að segja salat!

...gert neitt á þynnku-degi, svona án djóks ekki neitt. Nema kannski fara tilneyddur í afmælisveislu hjá frændsystkinum mínum.

...farið ótilneyddur í afmælisveislu hjá frændsystkinum mínum.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Aníta Eldjárn Kristjánsdóttir ljósmyndari, fílar.

KVIKMYND: Ég verð að viðurkenna að það getur verið erfitt fyrir mig að halda athyglinni yfir bíómyndum. Sérstaklega ef þær eru um kúreka eða geimverur. Þær bara get ég ekki. Enn ég horfi mest á heimildarmyndir. Elska að sjá hversu ólíkt fólk er í þessum heimi.

ÞÁTTUR: Mér finnst Girls ótrúlega fyndinn, einfaldlega af því að hann er svo ekta. Hann er ekki eins amerískur og tilgerðarlegur og aðrir þættir. Þar er ekki spilað mikið inn á fegurð heldur er þetta bara venjulegt fólk.

BÓK: Mínar upphalds eru magnun fréttu ljósmyndabækurnar.



PLATA: Mín allra upphalds plata er Graceland með Paul Simon. Get hlustað á hana við öll tilefni og hún kemur mér alltaf í gott skap. Annars er ég líka mjög hrifin af We Sink með Sóley.

VEFSÍÐA: Vefsíðan sem ég og Ragga vinkona mín vorum að opna á hug minn allan þessa dagana. www.reykjaviknights.com

STAÐUR: Af þeim stöðum sem ég hef ferðast til er Berlín upphalds. En svo er alltaf gott að fara til Akureyrar í fri en jafnframt alltaf jafn gott að koma aftur til Reykjavíkur. Í raun finnst mér best að vera þar sem fólk er sem mér þykir vænt um.



KI1005



Bara på det bästa!

ICELAND
AIRWAVES
'12

FOUNDING SPONSOR 31 oct - 04 nov

Upplifðu

Iceland Airwaves

með Símanum



Skannaðu kóðann eða
finndu „Airwaves“ á
App Store eða Google
Play.

Airwaves appið er komið!

Með Airwaves appi Símans færðu upplýsingar um alla viðburði on- og off-venue, setur saman þína eigin dagskrá og færð áminningu korteri fyrir tónleika, sérð viðtöl og myndbönd með flytjendum og getur fylgst með röðunum í beinni.

Náðu í appið og njóttu þess að vera á Airwaves!

Þórunn Antonía og meira en tvö hundruð aðrir koma fram á Iceland Airwaves.

#airwaves12

Síminn 